

**Nr. 19-075 S 051 Málmei SK 1*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.*: 1833  
*Utgerð:* Fisk-Seafood ehf.  
*Smíðaður:* Flekkefjord Noregi 1987, stál  
*Stærð:* 882,8 brl. 1469,7 bt.  
*Mesta lengd:* 56,5 m *Skráð lengd:* 54,4 m  
*Breidd:* 12,6 m *Dýpt:* 7,7 m  
*Vél:* Wärtsilä 2200 kW, 1987  
*Fjöldi skipverja:* 15



Málmei©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 12. mars 2019 var Málmei SK 1 á togveiðum vestur af landinu. Veður: N 10-15 m/s.

Skipverji var að vinna við bakborðstrollið og notaði netahníf til að skera upp leysi í því en við það rak hann hnífinn í vinstri hendi.

***Við rannsókn kom fram:***

- að hnífurinn stakst á kaf í vöðva milli þumals- og vísifingurs en fór ekki í gegn;
- að skipverjinn var nýbúinn að skipta um hníf;
- að hnífurinn var nýr, tenntur rauður Victorinox hnífur.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.